

Kolbeinn Óttarsson Proppé (Svar på replik)

Ég tek undir það með hv. ræðumanni að það er mikilvægt að Norðurlönd séu kjarnorkuvopnalaus svæði. Það er mikilvægt að norðurskautssvæðið sé kjarnorkuvopnalaus svæði. Hv. þingmaður kom inn á stærri og fleiri landsvæði og ég vil bara segja: Það er mikilvægt að jörðin sé kjarnorkuvopnalaus, það hlýtur að vera lokatakmark okkar með því sem við erum að vinna að hér.

Ég er líka sammála hv. þingmanni um að við munum sennilega fá fleiri tækifæri hér í starfi okkar — kannski því miður, því að það gengur hægt, í eitt skipti fyrir öll, að koma á samræmdri stefnu sem Norðurlöndin gætu gefið út til alheimsins sem sín sterku skilaboð.

Mig langar í lokin til að hvetja þingmenn hér inni, hvað sem verður, til að styðja þessa tillögu. Svo veit ég til þess að ICAN hefur sent einstökum þingmönnum þjóðþinga áskorun um að þeir skrifi undir tillögunu frá ICAN. Ég hvet alla til að skoða það.

Information

Talenummer

113

Type

Svar på replik

Person

[Kolbeinn Óttarsson Proppé](#)

Talerrolle

Nordisk grön vänsters talesperson

Dato

31.10.17 20:27

Sag

[Medlemsförslag om global nedrustning av kärnvapen](#)

--